



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12

415 Bolungarvík

nave@nave.is

Könnunarskurðir í landi Tungu í Ísafjarðarbæ

Atli Rúnarsson

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Október 2025

NV nr. 29-25

EFNISYFIRLIT

Myndaskrá	2
1. GRUNNUPPLÝSINGAR	3
2. TÆKNILEG ATRÍÐI	4
2.1 Útdráttur	4
2.2 Forsaga rannsóknar	4
2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun	5
2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina	5
2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	5
2.6 Stærð og umfang uppgræftar	6
3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Í LANDI TUNGU	6
3.1 Könnunarskurður 1	6
3.2 Könnunarskurður 2	8
4. GRIPIR OG SÝNI	8
5. NIÐURSTÖÐUR	8
6. HEIMILDASKRÁ	10
7. KORT	16
8. TEIKNINGAR	17
9. SKRÁR	18
9.1 Contextaskrá	18
9.2 Ljósmyndaskrá	19
9.3 Teikningaskrá	20
9.4 Flæðirit (Harris Matrix)	20

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Svæðið þar sem fyrirhugað er að kanna jarðhita. . Skurðir voru grafnir innan afmörkunar könnunarsvæðis.....	4
Mynd 2. Mynd tekin með dróna af könnunarsvæðinu fyrir uppgröft. Lækurinn sést greinilega vinstra megin á svæðinu og rafmagnsstrengurinn liggur innan hvíta hringsins.....	6
Mynd 3. Horft í NA yfir könnunarskurð 1. Ljsm: AR	6
Mynd 4. Steyptur grunnur hesthúss frá því um 1950 í norðursniði könnunarskurðar 1. Ljsm: AR	7
Mynd 5. Norðursnið á könnunarskurði 1. Teikning: AR	7
Mynd 6. Norðursnið könnunarskurðar 2. Ljsm. og teikning: AR	8
Mynd 7. Loftmynd af svæðinu tekin árið 1984. Hesthúsið og vegur upp að því eru innan rauða hringsins.....	8
Mynd 8. Mynd tekin með dróna af skurðunum innan afmörkunar könnunarsvæðisins við lok rannsóknar. Upp er í austur. Ljsm. AR	9

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer: 202509-0103

ÞJMS-númer: 2025-68

Stutt lýsing rannsóknar:

Könnunarskurðir í landi Tungu í Ísafjarðarbæ þar sem til stendur að kanna jarðhita.

Tegund rannsóknar:

Könnunarskurðir

Staðsetning

Tunga, Ísafjarðarbæ

GPS hnit

Tunga, ISN93: A: 310766, N: 624701

Rannsóknartími: 24. september 2025

Leyfishafi

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 1



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifarannsókn vegna skipulagsbreytinga á vegum Orkubús Vestfjarða við Seljalandshverfi í Ísafjarðarbæ. Minjastofnun Íslands fór fram á að svæðið yrði rannsakað með tveimur könnunarskurðum áður en framkvæmdir hefjast til að kanna hvort fornleifar væru að finna innan svæðis. Fyrirhugað er að kanna jarðhita á svæði innan jarðarmarka Tungu við Seljalandshverfi og lagnaleiða frá jarðhitasvæðinu að kyndistöðvum Orkubús Vestfjarða. Framkvæmdarsvæðið er um 8700 m² að stærð og staðsett sunnan við Skógarbraut þar sem býlið Kolfinnustaðir á að hafa verið.



Mynd 1. Svæðið þar sem fyrirhugað er að kanna jarðhita. .
Skurðir voru grafnir innan afmörkunar könnunarsvæðis.

2.2 Forsaga rannsóknar

Fyrirliggjandi er aðalskráning fornleifa frá árinu 2002, *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I. hluti Eyrarhreppur hinn forni Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból*, gerð af Náttúrustofu Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands ses.¹ Þar kemur fram að býlið Kolfinnustaðir hafi líklega verið staðsett á þeim stað þar sem fyrirhugað er að kanna jarðhita á sunnan skógarbrautar. Í skýrslunni segir um Kolfinnustaði;

"ÍS-147:024 Kolfinnustaðir heimild býli 66°03.428N 23°10.531V

"Kallaður var Skógur öll hlíðin upp á Lægstubrún, frá Tunguleiti og heim fyrir Kornustaðaá, en svo nefndist lækur, sem er innan til við kofa geitasmalans. Niður hlíðina nokkru innar rennur Buná með fallegum fossi, Bunárfossi, það er að segja, þegar vatn er nóg í henni, en hún þornar að heita má í þurkum síðsumars. Fjallið fyrir heiman Kornustaðaá heitir Múli og nær í Seljalandslund. Upp af Kolfinnustöðum, í hlíðinni, er graslendi, talið slægjuland, kallað Rjóður. Það hafði verið býli á Kolfinnustöðum fyrr á öldum, sá fyrir húsatóftum og túngarði, áður en ræktað var, en lítið hefur það verið, var kallað Kolfinna." [Örnefnaskrá Tungu]. "Kornastader. Fornt eyðiból hjer í landinu, og sjást hjer ljós byggingarmerki af tóftarústum og túngarðsleifum, en ekki vita menn annað til þess að hjer hafi bygð verið, en hvað sýnilegt er á Teikning 3. Sel. Ís- 147:022. 39 þessum byggingaleifum og líklegt er af nafninu sjálfu. Ekki má hjer aftur byggja því heimajörðin má ekki heyskaparins án vera." [Á.M.VII.bls.162]. Rétt vestan Tungár stendur steinsteypt hús og stendur það á svipuðum slóðum og Kolfinnustaðir stóðu áður. Horfin."²

¹ Ragnar Edvardsson og Ruth Maher, 2002.

² Ragnar Edvardsson og Ruth Maher, 2002, bls. 38-39.

2.3 Stjórnýsla og fjármögnun

Að beiðni Gunnars Páls Eydal hjá Verkís, fyrir hönd Orkubús Vestfjarða, gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn með gerð könnunarskurða.

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir innan framkvæmdarsvæðisins í september 2025. Þær mótvægisáðgerðir sem farið var fram á eru sjáanlegar í bréfi Minjastofnunar frá 9. september 2025. Þar segir;

Ekki er ljóst hvar umrætt býli stóð nákvæmlega en talið er að það hafi verið við húsabyrpingu sem þar er [...]. Áður en framkvæmdir hefjast fer Minjastofnun Íslands fram á að tveir könnunarskurðir verði grafnir með ótenntri gröfu eftir endilöngu framkvæmdasvæði [...]. Skurðirnir skulu vera í kringum 80 m á lengd og 1 m á breidd. Ef byggingarleifar koma í ljós skal reyna eftir fremsta megni að grafa ekki í gegnum þau með gröfu, en heimilt er að handgrafa minni skurð í gegn til þess að átta sig á hlutverki. Ef um mannvistarlög að ræða, þá er heimilt að grafa í gegnum þau. Teikna skal öll mannvistarlög, lýsa, túlka og mynda. Ef engin mannvistarlög eru í skurðum er nóg að mæla upp skurði, sem þarf þó að gera í öllum tilfellum. Markmið rannsóknarinnar er að staðsetja Kolfinnustaði og afla upplýsinga um aldur. Ávallt þarf skila inn skýrslu vegna rannsóknarinnar.³

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina starfaði Atli Rúnarsson hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir 24. september 2025. Veður var að mestu þurrt og lítt vindur. Atli Rúnarsson og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir fornleifafræðingar sáu um skýrslugerð og tölvuteikningar.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Grafirnir voru tveir könnunarskurðir innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis í landi Tungu í Seljalandshverfi. Orkubú Vestfjarða útvegaði gröfumann fyrir verkið og fær hann sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Skurðirnir voru grafnir niður á óhreyft og var dýpt þeirra mismunandi. Snið skurðanna voru hreinsuð og hverri einingu lýst og skráð, myndir teknar og snið teiknuð upp.

Í könnunarskurði 1 fundust leifar af hesthúsi sem var byggt í kringum 1950 en annars voru engin ummerki um mannvist. 12m langt snið var teiknað af hesthúsinu í skalanum 1:20 og jarðlög-unum sem halda áfram frá því.

Í könnunarskurði 2 fundust engin ummerki um mannvist og var einungis teiknaður 1m af því sniði í skalanum 1:10.

Engir gripir eða dýrabein fundust við rannsóknina.

Svæðið var myndað með dróna bæði fyrir og eftir að skurðir voru teknir. Könnunarskurðir voru mældir upp með Trimble junio 5 uppmælingatæki, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

³ Bréf minjastofnunar frá 9. september 2025. MÍ202509-0066/ 6.10 / L.G.

2.6 Stærð og umfang uppgrftar

Fyrirhugaður byggingarreitur er 8780 m² á stærð og var áætlað að grafa tvo 80 m langa skurði eftir endilöngu svæðinu. Við komuna á svæðið var ljóst að lækur rann vestan megin á svæðinu og því ekki hægt að grafa á því svæði. Vestan við lækinn var yfirgróinn malarvegur var búið að raska því svæði mikið. Eins var lá rafmagnsstrengur þvert yfir svæðið í austur enda þess og þurfti því að stytta skurðina. Var það gert í samráði við Minjavörð Vestfjarða. Alls voru um 78,75m³ grafnir á svæðinu.

Tafla 1. Stærð og rúmmetrar hvers skurðar fyrir sig.

Skurður	Stærð	Rúmmetrar (m ³)
1	50 x 1 x 0,9	45
2	45 x 1 x 0,75	33,75



Mynd 2. Mynd tekin með dróna af könnunarsvæðinu fyrir uppgröft. Lækurinn sést greinilega vinstra megin á svæðinu og rafmagnsstrengurinn liggur innan hvíta hringsins.

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Í LANDI TUNGU

3.1 Könnunarskurður 1

Könnunarskurður 1 var 50m að lengd, 1m á breidd og 0.60 – 0.90m djúpur. Alls voru sjö jarðlög skráð í skurðinum. Voru það yfirborð (101) sem var dökkbrún mold með mikið af rótum, en svæðið er í órækt, og það var um 10cm þykkt.

Undan yfirborðslagi (101) komu lög (102), (103), (104), (106), (108) & (109).

Lag (104) var náttúrulegur ljósbrúnn siltaður jarðvegur með engum ummerkjum



Mynd 3. Horft í NA yfir könnunarskurð 1. Ljasm: AR


um mannvist. Lagið var 0.16 – 0.6m þykkt og voru tveir skurðir voru í laginu **(108)** og **(109)**. Skurður **(109)** var staðsettur vestur enda sniðs og var 5.5 m langur innan sniðsins og 0.1 – 0.5m djúpur en skurðurinn hélt áfram í vestur út fyrir skurðinn. Í skurðinum var fylling **(102)**, sem var dökkgrár sandur/möl sem hefur verið púkk undir hesthúsi sem var byggt á svæðinu í kringum 1950 og rifið eftir 1980.⁴ Það var frá 0.1 – 0.5m þykkt.



Mynd 4. Steyptur grunnur hesthúss frá því um 1950 í norðursniði
könnunarskurðar 1. Lsjm: AR

Skurður **(108)** var sjáanlegur í austur enda sniðs og var um 1m langur og 0.6m djúpur. Í skurðinum var fylling **(106)** sem var um 0.5m þykkt og var í raun það sama og **(102)** nema efnið var aðeins grófara og grjót **(107)** var einnig í fyllingunni. Þar uppvið var steypur grunnur hesthússins **(103)**. Grunnurinn var um 0.7m þykkur og um 3.3m langur. Skurðirnir hafa líklega verið grafnir til þess að koma steypum grunni **(103)** fyrir og fyllingar **(102)** og **(106)** verið komið fyrir upp við steypa grunninn.

Undan þessum lögum kom ljósgrár jökulruðningur **(105)**. Náttúrulegu jarðlögin héldu áfram austan við hesthúsið.




Mynd 5. Norðursniði á könnunarskurði 1. Teikning: AR

⁴ Einar Halldórsson, ábúandi á Kolfinnustöðum

3.2 Könnunarskurður 2

Könnunarskurður 2 var 45 m á lengd, 1 m á breidd og 0.40-0.75 m djúpur. Efst var yfirborðslag (201) sem var dökkbrún mold með mikið af rótum og það var 8cm þykkt. Undan því kom lífrænt votlendislag (202). Jarðlagið var dökkbrúnt, nánast svart, með sterkri lífrænni lykt og það var 0.3m þykkt. Undan því kom jarðlag (203) sem var mið-brúnn náttúrulegur siltaður jarðvegur og það var 0.15m þykkt. Engin ummerki um mannvist fundust í skurðinum.



Mynd 6. Norðursnið könnunarskurðar 2. Ljsm. og teikning: AR


4. GRIPIR OG SÝNI

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

5. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru tveir könnunarskurðir grafnir og voru engar fornminjar sjáanlegar í skurðunum. Minnka þurfti svæðið sem þurfti að kanna vegna rafmagnsstrengs sem liggur þvert yfir austanvert svæðið og vegna lækjar sem rennur yfir vestur enda þess.

Einu ummerki um mannvist í skurðinum var grunnur hesthúss sem var byggt um 1950 og rífið eftir 1980 og var grafið í gegnum það niður á óhreyfð jarðlög.



Mynd 7. Loftmynd af svæðinu tekin árið 1984. Hesthúsið og vegur upp að því eru innan rauða hringsins.

Í Örnefnaskrá Tungu segir að það hafi verið býli á Kolfinnustöðum fyrir á öldum og að séð hafi fyrir húsatóftum og túngarði, býlið hafi verið lítið og kallað Kolfinna.⁵ Nokkuð ljóst er að leifar Kolfinnu er ekki að finna á þessu

⁵ Örnefnaskrá - Tungu

svæði, enda bera jarðlögin þess merki að þarna hafi verið mýri/votlendi í fortíðinni og hæpið að reist hafi verið býli á þannig grunni. Eins og minnst er á í bréfi Minjastofnunar frá 9. september 2025 þá líkleg staðsetning býlisins þar sem húsabyrping Kolfinnustaða er nú.⁶

Þó svo að engar mannvistarleifar voru sjáanlegar í skurðunum geta minjar leynst undir sverði innan afmörkunar könnunarsvæðisins. Eins er vert að minna á að finnist áður óþekktar fornminjar við framkvæmdina ber að stöðva framkvæmdina strax og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem tekur svo ákvörðun um framhaldið.



Mynd 8. Mynd tekin með dróna af skurðunum innan afmörkunar könnunarsvæðisins við lok rannsóknar. Upp er í austur. Ljsm.

AR

⁶ Bréf minjastofnunar frá 9. september 2025. MÍ202509-0066/ 6.10 / L.G.

6. HEIMILDASKRÁ

Ragnar Edvardsson og Ruth Maher. 2002. *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I. hluti Eyrarhreppur hinn forni Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna; Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból*. Náttúrustofa Vestfjarða/Fornleifastofnun Íslands. NVNR8/02. Reykjavík.

Örnefnastofnun Íslands. (án dags.) *Örnefnaskrá – Tunga*. Örnefnastofnun. Reykjavík.

Óútgefnar heimildir

Bréf minjastofnunnar frá 9. september 2025. MÍ202509-0066/ 6.10 / L.G.

Heimildamenn

Einar Halldórsson – ábúandi á Kolfinnustöðum

7. KORT



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

○ Staðsetning sniðs
■ Skurðir

■ Hesthús
■ Framkvæmdasvæði


0 10 20 30 m

Kort af skipulagssvæðinu og staðsetning skurða


Mælikvarði 1:700 Dags. 2.10.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsosn

8. TEIKNINGAR



Teikning 1. Norðursnið könnunarskurðar 1. Skali 1:20



Teikning 2. Norðursnið könnunarskurðar 2. Skali 1:10

9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Skurður	Dagsetning	Nafn	Lýsing
101	Yfirborðslag	1	24.9.2025	AR	Yfirborðslag. Dökkbrún mold með mikið af rótum. Svæðið er í órækt.
102	Sandur / fylling	1	24.9.2025	AR	Grófur dökkgrár sandur/möl. Hefur verið púkk undir hesthúsi. Fylling í skurði (109).
103	Steypa	1	24.9.2025	AR	Malarblönduð steinsteypa, grunnur hesthússins.
104	Náttúrulegur	1	24.9.2025	AR	Ljósbrúnn siltaður jarðvegur, náttúrulegur, engin mannvist.
105	Náttúrulegur	1	24.9.2025	AR	Grár jökulruðningur.
106	Sandur / fylling	1	24.9.2025	AR	Grófur dökkgrár sandur/möl. Hefur verið púkk undir hesthúsi. Sama og (104) en er aðeins grófari. Fylling í skurði (108).
107	Steinar	1	24.9.2025	AR	Steinar í púkki - hlaðnir upp við steypuna. Eru í lagi (106).
108	Skurður	1	24.9.2025	AR	Skurður tekinn í lag (104). Fylltur með (102).
109	Skurður	1	24.9.2025	AR	Skurður tekinn í lag (104). Fylltur með (106).
201	Yfirborðslag	2	24.9.2025	AR	Yfirborðslag. Dökkbrún mold með mikið af rótum.
202	Náttúrulegur	2	24.9.2025	AR	Lífrænt votlendislag. Dökkbrúnt - nánast svart. Sterk lífræn lykt af því.
203	Náttúrulegur	2	24.9.2025	AR	Miðbrúnn náttúrulegur siltaður jarðvegur. Jökulruðningur undir.


9.2 Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynda nr.	Skurður	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	100-6107	-	N	AR	24.9.2025	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði fyrir uppgröft.
2	100-6108	-	NV	AR	24.9.2025	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði fyrir uppgröft.
3	100-6109	-	V	AR	24.9.2025	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði fyrir uppgröft.
4	100-6110	-	N	AR	24.9.2025	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði fyrir uppgröft.
5	100-6111	-	ANA	AR	24.9.2025	Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæði fyrir uppgröft.
6	100-6112	1	NA	AR	24.9.2025	Hoft NA yfir könnunarskurð 1.
7	100-6113	1	NA	AR	24.9.2025	Hoft NA yfir könnunarskurð 1.
8	100-6114	1	N	AR	24.9.2025	Lag (102) - púkk undir hesthús, norður snið.
9	100-6115	1	N	AR	24.9.2025	Lag (102) - púkk undir hesthús, norður snið könnunarskurðs 1.
10	100-6116	1	N	AR	24.9.2025	Lag (102) og steypa (103) í norður sniði könnunarskurðs 1.
11	100-6117	1	N	AR	24.9.2025	Steypa (103) í norðursniði könnunarskurðs 1.
12	100-6118	1	N	AR	24.9.2025	Lag (106) og hleðsla (107) í norðursniði könnunarskurðs 1.
13	100-6119	1	SV	AR	24.9.2025	Horft í SV yfir könnunarskurð 1.
14	100-6120	1	SV	AR	24.9.2025	Horft í SV yfir könnunarskurð 1.
15	100-6121	2	NA	AR	24.9.2025	Horft í NA yfir könnunarskurð 2.
16	100-6122	2	N	AR	24.9.2025	Norðursnið könnunarskurðs 2. Lög (201), (202) og (203).
17	100-6123	2	SV	AR	24.9.2025	Horft í SV yfir könnunarskurð 2.
18	100-6124	2	SV	AR	24.9.2025	Horft í SV yfir könnunarskurð 2.


9.3 Teikningaskrá

Teikning nr.	Skali	Gerð	Dags.	Nafn	Lýsing
1	1:20	Snið	24.9.2025	AR	Norðursnið á könnunarskurði 1.
2	1:10	Snið	24.9.2025	AR	Norðursnið á könnunarskurði 2.

9.4 Flæðirit (Harris Matrix)



Flæðirit 1. Flæðirit könnunarskurðar 1.



Flæðirit 2. Flæðirit könnunarskurðar 2.